

Kynning á rannsóknum I

R1.1- Tengsl endurgjafar kennara við námsástundun í einum skóla í Reykjavík: samanburður áhorfsmælinga með fjögurra ára millibili

Birna Pálsdóttir ¹, Helga Maggý Magnúsdóttir ²
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir ³

¹ *Stjóðjandi uppeldi sf*

² *Landspítali*

³ *Háskóli Íslands*

Inngangur

Skólaumhverfið hefur rík áhrif á árangur og námsástundun nemenda. Niðurstöður rannsókna benda til þess að jákvæð endurgjöf kennara á nám auki hlutfall námsástundunar og að neikvæð endurgjöf á félagslega hegðun nemenda í kennslustofu dragi úr námsástundun.

Efniviður og aðferðir

Markmið rannsókna var að kanna hlutföll námsástundunar í kennslustundum í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og hlutföll milli neikvæðrar og jákvæðrar endurgjafar kennara á námsástundun nemenda. Kynntar verða niðurstöður tveggja aðskildra rannsókna sem framkvæmdar voru með fjögurra ára millibili í íslenskum grunnskóla. Niðurstöður eru einnig bornar saman við rannsókn Sullu frá 2015 sem gerð var á landsvísi á Ítalíu og í Bretlandi og framkvæmd með sama mælitæki.

Niðurstöður

Niðurstöður áhorfsmælinga beggja rannsókna gáfu til kynna að kennarar notuðu frekar neikvæða endurgjöf en jákvæða til þess að hafa áhrif á nám og hegðun nemenda. Algengast var að kennarar gæfu neikvæða endurgjöf á hegðun og jákvæða endurgjöf á nám. Niðurstöður fyrri rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um tengsl milli neikvæðrar endurgjafar á hegðun og minnkaðrar námsástundunar. Niðurstöður seinni rannsóknar bentu til sömu tengsla, en þó aðeins á miðstigi. Í kjölfar beggja rannsókna var skólastjórn upplýst um niðurstöður mælinga og ráðgjöf veitt.

Ályktun

Niðurstöður gefa vísbendingar um hvernig hlutföll endurgjafar gætu litið út í íslenskum skólum en kanna þyrfti stöðu endurgjafar í fleiri skólum á Íslandi til þess að fá áreiðanlegri niðurstöður. Í samanburði milli ára urðu töluverðar breytingar á bæði endurgjöf og námsástundun. Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því og er ein þeirra sú að seinni rannsóknin fór fram á covid tímum.

R1.2- Hugbrigðaraskanir hjá börnum og unglungum (FNSD): eru þær eins og hjá fullorðnum?

Drífa Björk Guðmundsdóttir ¹

¹ *Landspítali*

Hugbrigðaraskanir eru flokkur taugaeinkenna, t.d. krampar, kyppir, skynmissir, máttleysi, skjálfti og fleira sem ekki er hægt að rekja til heila- eða taugaskaða/sjúkdóma. Tilgangur þessa erindis er að fjalla um hugbrigðakrampa (FS eða PNES) hjá börnum og unglungum og um muninn á þeim og hugbrigðakrömpum fullorðinna. Samkvæmt núverandi skilgreiningu er um að ræða líffræðileg einkenni sem eru raunveruleg og afleiðing truflunar í boðskiptum milli líkama og heila og þverfagleg nálgun við meðferð því mikilvæg. Taugasérfræðingar greina vandann, en sálfræðileg meðferð og sjúkráþjálfun er árangursríkasta meðferðin. Einkennin geta verið mjög hamlandi og koma oftast fram í aðstæðum þar sem líkaminn er líffræðilega eða tilfinningalega virkjaður.

Hugbrigðakrampar (FS eða PNES) koma oftast fram á unglings- eða ungdómsárunum. Í Bandaríkjunum greinast um 20% barna og unglunga með grun um flogaveiki með hugbrigðakrampa (Operto og fél., 2019). Þá er algengt að börn með flogaveiki séu einnig með hugbrigðakrampa. Þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á allt að 90% fullorðinna með hugbrigðakrampa glími einnig við geðrænan vanda, er það hlutfall mun lægra hjá börnum og

unglingum (Hansen et al., 2021; Stager et al., 2022; de Gusmao et al., 2014) . Auk þess hefur verið sýnt fram á mun betri árangur af meðferð hjá börnum og unglíngum en hjá fullorðnum (Reuber 2008; Morgan & Buchhalter 2015). ReAct er ný meðferð sem þróuð hefur verið til meðferðar hugbrigðakrampa og annarra hugbrigðaraskana og verður hún kynnt lauslega, en hún hefur sýnt góðan árangur í að ná stjórn á krömpum, bæta virkni og auka lífsgæði. Aukin lífsgæði virðast beintengd bata hugbrigðakrampa, ólíkt því sem er hjá fullorðnum þar sem aukin líðan tengist bættri líðan óháð bata hugbrigðakrampa.

R1.3- Áföll í lífi barna og ungmenna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi, samfélagsleg aðlögun og líðan

Paola Cardenas ^{1/2}

¹ Barna- og fjölskyldustofa

² Háskólinn í Reykjavík

Background: Due to changing global circumstances in recent years, Iceland has experienced a sharp increase in forced migrant children, youth, and families seeking refuge. The aim of this study was to examine the migration experience of children and youth who claimed asylum in Iceland upon arrival and to explore psychosocial factors' role in their mental health post-migration. The study also examined participants' acculturation strategy preferences, their relationship to mental health outcomes, and whether there was support for the integration hypothesis in Iceland (i.e., integration is related to better mental health outcomes than marginalization).

Methods: Two assessment interviews (including self-assessment measures) were conducted approximately eight months apart, with children and youth who fled to Iceland between 2016 and 2020. Seventy-five individuals ages 13 to 24 ($M = 19.7$, $SD = 3.0$, 67% male) participated during the first interview, while 43 participants ($M = 20.16$, $SD = 3.1$, 56% male) remained in the study and were interviewed a second time.

Results: Study participants were, on average, exposed to numerous stressful life events (SLEs), some of which acted as push factors forcing them to leave their home countries. Low social support and traveling alone were related to greater vulnerability to SLEs exposure. Furthermore, SLEs experiences were related to an increased risk of developing post-traumatic stress disorder (PTSD) and other psychological symptoms (i.e., anxiety, depression, and externalizing symptoms). PTSD symptoms remained unchanged over two points in time. Still, higher levels of perceived social support from peers were related to less severity of PTSD symptoms. Furthermore, perceived parental social support was positively related to Icelandic language proficiency. Social support, particularly from peers, and fewer PTSD symptoms were also associated with greater mental well-being at time point two. Lastly, results support the integration hypothesis in Iceland as participants who favored integration showed the best mental health outcomes (i.e., fewer PTSD and depression symptoms), and those who preferred (or were forced to choose) marginalization showed the poorest mental health outcomes.

Kynning á rannsóknum II

R2.1- Árangur hugrænnar atferlismeðferðar í hóp við flughræðslu

Ásmundur Gunnarsson ¹, Ólafía Sigurjónsdóttir ¹
Sóley Dröfn Davíðsdóttir ¹, Sigurbjörg Jóna Ludvíksdóttir ¹, Sigurður Viðar ¹

¹ Kvíðameðferðarstöðin

Bakgrunnur: Flug er mikilvægur ferðamáti fyrir okkur Íslendinga og því getur flughræðsla verið sérlega hamlandi vandi fyrir þá sem búa hér. Margir sem glíma við þennan vanda neyða sig þó til að fljúga en finna fyrir miklum kvíða, meðan aðrir hreinlega forðast það með tilheyrandi takmörkun á ferðafrelsi. Erlendis hafa ýmis meðferðarúrræði verið rannsökuð við flughræðslu og mörg borið árangur, þar með talin hugræn atferlismeðferð í hóp. Tilgangur þessarar rannsóknar var að meta árangur hópnámskeiðs sem haldið var á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar og Icelandair. **Aðferð:** Þátttakendur voru 41 talsins (76% konur, 40 ára meðalaldur) og hlutu þeir fimm skipta hópmeðferð, fjóra tíma í senn. Sálfræðingur sá um fræðslu um kvíða, kenndi nýjar leiðir til að takast á við kvíðahugsanir og hegðun fyrir og í flugi. Flugstjóri fræddi þátttakendur um flug og veðurfar og sýndi þeim flughermi og flugvélur í þjálfunarsetri Icelandair. Hópurinn fór svo í flugferð innan Evrópu. Alvarleiki einkenna var mældur á FAS (Flight Anxiety Situations Questionnaire) og FAM (Flight Anxiety Modality Questionnaire) í upphafi meðferðar, um miðbik námskeiðs og í fluginu sem og sex mánuðum síðar. **Niðurstöður:** Þátttakendur lækkuðu úr 56 stigum á FAM niður í 24 stig í lok meðferðar og 21 stig í 6 mánaðar eftirfylgni. Á FAS lækkuðu þeir sömuleiðis úr 111 stigum í 54 stig í lok meðferðar og í 45 stig í 6 mánaðar eftirfylgni. Allir þátttakendur nema einn fóru í flugið. Sex mánuðum seinna höfðu þátttakendur að meðaltali flogið fimm flugleggi. **Samantekt:** Árangur af námskeiðinu lofar góðu og ánægja þátttakenda með meðferðina mikil.

R2.2- Hafa kvíðavaldandi atburðir og óvissuaðstæður áhrif á kvíða- og þunglyndiseinkenni þó slíkir atburðir og aðstæður séu okkur fjarlægjar? Mat á áhrifum innrásar Rússlands í Úkraínu á tilfinningamein í klínisku þýði

Jón Ingi Hlynsson ^{1/2}
Oskar Gustafsson ², Per Carlbring ²

¹ Háskóli Íslands

² Stockholm Universitet

Inngangur: Kvíðavaldandi atburðir og óvissuaðstæður á borð við COVID-19 faraldurinn og innrás Rússa í Úkraínu í febrúar 2022 hafa stuðlað að auknu stundaralgengi kvíða- og þunglyndisraskanna á heimsvísu. Þessi rannsókn mat áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á kvíða- og þunglyndiseinkenni í sænsku klínisku þýði.

Efniviður og aðferðir: Úrtakið samanstóð af 1222 þátttakendum í virkri internet-miðaðri sálfræðimeðferð þegar Úkraínustríðið braust út. Kvíða- og þunglyndiseinkenni voru metin með *Generalized Anxiety Disorder-7* og *Patient Health Questionnaire-9* sjálfsmatskvörðunum.

Niðurstöður: Alvarleiki kvíðaeinkenna, en ekki þunglyndiseinkenna, jókst eftir innrás Rússa í Úkraínu. Kvíðaeinkenni jukust um 0,77 stig ($p = 0,001$, Cohen's $d = 0,08$) og þunglyndiseinkenni um 0,09 stig ($p = 0,70$, Cohen's $d = 0,01$). Þá spáði félagsefnahagsleg staða fyrir um rénun þunglyndis- og kvíðaeinkenna; kvíðaeinkenni dvínuðu um 0,69 stig ($p < 0,001$, Cohen's $d = 0,32$) og þunglyndiseinkenni um 1,09 stig ($p < 0,001$, Cohen's $d = 0,48$). Niðurstöður sýna félagsefnahagslega stöðu geta verið verndandi þátt gegn þróun geðraskanna í óvissuaðstæðum.

Ályktanir: Innrás Rússa í Úkraínu árið 2022 jók alvarleika kvíðaeinkenna. Niðurstöður sýndu að fjarlægir kvíðavaldandi atburðir og óvissuaðstæður geta aukið hættu á þróun geðraskanna. Einstaklingar í áhættuhópi fyrir þróun geðraskanna gætu því þurft aukinn stuðning heilbrigðisstarfsfólks þegar skyndilegir kvíðavaldandi atburðir eins og stríðsárásir eiga sér stað, óháð því hvort upptök þeirra séu fjarlæg eða nálæg. Niðurstöðurnar benda til þess að gjalda beri varhuga þegar meðferðarárangur er metinn í slíkum krísuástandum. Það er, aukinn kvíðaeinkenni í krísu geta raskað mati á meðferðarárangri. Loks renna niðurstöðurnar stoðum undir hagnýtt gildi internet-miðaðrar sálfræðimeðferða við tilfinningameinum.

<https://doi.org/10.23668/psycharchives.14111>

R2.3- Viðbrögð við áleitnum hugarmyndum í félagsfælni og þráhyggju- og árátturöskun

Andri Steinþór Björnsson ¹

¹ Háskóli Íslands (Sálfræðideild)

Inngangur:

Flestir upplifa einhvern tíma óþægilegar áleitnar (intrusive) hugsanir. Samkvæmt hugrænum kenningum er lyklatríði hvernig áleitnar hugsanir eru túlkaðar (appraised), til dæmis þannig að ef tiltekinn einstaklingur túlkar áleitnar hugsanir um að leita á börn þannig að þær segi eitthvað um það hvernig manneskja hann/hún/hán er, þá gæti viðkomandi byrjað að bregðast við slíkum hugsunum með áráttu, og þráhyggju- og árátturöskun gæti þróast.

Endurteknar áleitnar hugsanir skipta þó einnig máli í öðrum geðröskunum, til dæmis í félagsfælni. Eitt dæmi um þetta eru áleitnar hugarmyndir (images), til dæmis að einstaklingur sjái fyrir sér að verða niðurlægður. Í þessari rannsókn könnuðum við áleitnar hugarmyndir og viðbrögð við þeim hjá einstaklingum með annaðhvort þráhyggju- og árátturöskun eða félagsfælni.

Efniviður og aðferðir:

Þátttakendur voru 66 einstaklingar með félagsfælni sem megingreiningu (FF hópur), og 30 einstaklingar með þráhyggju- og árátturöskun sem megingreiningu (ÞÁ hópur). Greiningarviðtalið Mini International Neuropsychiatric Interview (MINI) var lagt fyrir, auk þess sem klínískt viðtal var lagt fyrir til að meta áleitnar hugarmyndir og viðbrögð við þeim.

Helstu niðurstöður:

Þrjátíu og sex einstaklingar (54.5%) í FF hópnum sögðu frá klínískt marktækri hugarmynd, en 28 einstaklingar (93.3%) í ÞÁ hópnum. Þátttakendur í fyrrnefnda hópnum sögðust upplifa hana 4.4 sinnum að meðaltali á viku miðað við 14.3 sinnum á viku í síðarnefnda hópnum. Þrjátíu og einn þátttakandi (86.1%) í FF hópnum brugðust við áleitinni hugarmynd með áráttu í samanburði við 27 þátttakendur (96.4%) í ÞÁ hópnum.

Ályktun:

Árátta og þráhyggja er til staðar í félagsfælni og gæti átt þátt í að viðhalda henni.

R2.4- Geta sálfræðinemar veitt árangursríka meðferð?

Þórður Örn Arnarson ¹

¹ Háskóli Íslands

Sálfræðinemar hafa flestir áhyggjur af því að þeir geti ekki orðið góðir sálfræðingar. Að sökum reynsluleysis muni þeir ekki getað náð utan um vandamálið, að þeir muni gera illt verra, að þeir séu ekki nógu klárir, ekki nógu miklir gúrúar og svo framvegis. En er þetta raunin?

Sálfræðiráðgjöf Háskólanema er þjálfunarmiðstöð fyrir meistaranema í klínískri sálfræði við Háskóla Íslands. Veturinn 2022-2023 tóku þeir yfir 150 stöðluð greiningarviðtöl og ljuku einstaklingsmeðferð með yfir 80 einstaklingum. Flestir fengu meðferð við félagsfælni eða þunglyndi. Meðferðirnar fylgdu að öllu jöfn meðferðarhandbók sem hafði verið ítarlega gagnreynd og sýnt góðan árangur.

Þegar litið er á alla sem fengu meðferð þennan vetur lækkuðu þeir sem fengu meðferð að meðaltali úr 12,2 stigum (miðlungs þunglyndiseinkenni) í 6,9 stig (væg þunglyndiseinkenni) á PHQ-9, og úr 10,5 (miðlungs kvíðaeinkenni) í 6,3 (væg kvíðaeinkenni) á GAD-7. Meðferð við einstökum röskunum var einnig árangursrík að öllu jöfnu. Hvort sem meðferðin var við þunglyndi, félagsfælni eða jafnvel áráttu- og þráhyggju.

Það virðist því vera að meistaranemar í klínískri sálfræði geti vel veitt árangursríka meðferð. Að minnsta kosti ef þeir beita stöðluðum aðferðum við greiningarvinnu og gagnreyndum meðferðum við vel skilgreindum vanda.

Kynning á rannsóknum III

R3.1- Kulnunareinkenni meðal íslenskra sálfræðinga

Snæfríður Birta Hreiðarsdóttir ¹, Karítas Ólafsdóttir ¹
Ragna Benedikta Garðarsdóttir ¹, Linda Bára Lýðsdóttir ²

¹ Háskóli Íslands

² Háskólinn í Reykjavík

Pótt sálfræðingar séu útsettir fyrir kulnun er skortur á rannsókum á áhrifaþáttum kulnunar meðal sálfræðinga á Íslandi. Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að Burnout Assessment Tool (BAT) hafi góða próffræðilega eiginleika og mæti nútímaskilgreiningu á kulnun, en eldri mælingar hafa verið gagnrýndar vegna þessa. Í erindinu verður greint frá rannsókn þar sem BAT var notað til að kanna tíðni kulnunareinkenna meðal 234 sálfræðinga. Einnig verður greint frá því hvaða vinnustaðar- og einstaklingsþættir spá best fyrir um tíðni kulnunareinkenna hjá þessum hópi. Niðurstöður sýndu að próffræðilegir eiginleikar BAT listans voru góðir þrátt fyrir smávægilegt misræmi við upprunalega útgáfu listans. Í heildina voru tæplega 26% sálfræðinganna ýmist í hættu eða í mjög mikilli hættu á kulnun. Sálfræðingar í opinbera geiranum höfðu hærri tíðni kulnunareinkenna í formi örmögnunar og hugrænnar skerðingar heldur en sjálfstætt starfandi sálfræðingar og sálfræðingar yngri en 45 ára höfðu almennt hærri tíðni kulnunareinkenna en 45 ára eða eldri. Vinnustaðarþættir veittu betri forspá um kulnunareinkenni en einstaklingsþættir en félagslegur stuðningur virtist ekki hafa greinanleg verndandi áhrif gegn áhrifum vinnuálags á tíðni kulnunareinkenna. Þessar niðurstöður má nýta til að þróa inngrip til að sporna gegn kulnun hjá sálfræðingum. Einnig eru þær hluti af stöðlun BAT listans sem mun gera sálfræðingum kleift að leggja hann fyrir skjólstæðinga þegar grunur leikur á kulnun.

R3.2- Aðlögun að daglegri tilveru með krabbamein: Sálræn líðan einstaklinga með krabbamein og nánustu aðstandendur. Langtímarannsókn

Ásta Bjarney Pétursdóttir ¹
Anna Ólafía Sigurðardóttir ², Erla Kolbrún Svavarsdóttir ¹

¹ Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ

² Landspítali

Inngangur: Talið er að umtalsverð aukning nýrra tilfella krabbameina verði hér á landi til ársins 2035. Þegar einstaklingur greinist með langvinnan sjúkdóm eins og krabbamein hefur það víðtæk áhrif á alla innan fjölskyldunnar með einhverjum hætti. Sálræn vanlíðan er oft einkennandi á öllum stigum sjúkdómsins, allt frá greiningu og getur að sama skapi haft neikvæð áhrif á líðan nánasta aðstandanda.

Efniviður og aðferðir: Um er að ræða framsýna, lýsandi langtímarannsókn sem var framkvæmd á Landspítala á árunum 2021 til 2023. Gögnum var safnað frá rúmlega 200 einstaklingum með krabbamein og nánustu aðstandendum sem svöruðu sömu spurningalistum (6 mælitæki) á tveimur tímamörum með 4-8 vikna millibili. DASS mælitækið með 3 undirkvörðum var notað til að mæla þunglyndi, kvíða og streitu.

Niðurstöður: Meðalaldur einstaklinga með krabbamein (N=109) var 61,1 ár og aðstandenda (N=111) 56,8 ár. Tíðni þunglyndis hjá einstaklingum með krabbamein reyndist 35% á T1, 43% á T2, kvíði 51% á T1 og 51% á T2, streita 16% á T1 og 31% á T2. Tíðni þunglyndis hjá aðstandendum reyndist 43% á T1 og 33% á T2, kvíði 22% á T1 og 18% á T2, streita 27% á T1 og 23% á T2. Túlkun á þessum niðurstöðum á DASS skiptast enn frekar í flokka eftir alvarleika; vægt, miðlungs, alvarlegt, mjög alvarlegt.

Ályktun: Niðurstöðurnar sýna háa tíðni kvíða hjá einstaklingum með krabbamein og þunglyndis hjá aðstandendum. Þær varpa ljósi á mikilvægi þess að skima fyrir sálrænni líðan og að meta andlegar áskoranir sem þessi skjólstæðinghópur er að takast á við í daglegu lífi.

R3.3- Rannsókn á starfsemi vöggustofa í Reykjavík 1949-1973 og afdrifum þeirra sem þar dvöldu: Vísindalegt, hagnýtt og siðferðilegt gildi niðurstaðna fyrir sálfræðinga

Urður Njarðvík ¹

Inngangur: Nýverið lauk umfangsmikilli rannsókn á starfsemi vöggustofa sem reknar voru í Reykjavík 1949-1973. Einnig voru könnuð afdrif þeirra barna sem þar voru vistuð. **Efniviður og aðferðir:** Skipuð var sjálfstæð og óháð rannsóknarnefnd sem fékk víðtækar heimildir til gagnaöflunar. Rannsóknin byggði á lestri tugþúsunda skjala, úttekt á viðhorfum og þekkingu á þroska og umönnun ungra barna í samtímaheimildum, skýrslutökum og gagnaöflun m.a. frá Tryggingastofnun ríkisins og dánarmeinasrá Landlæknis. Teknar voru skýrslur af 33 fyrrverandi starfsmönnum, auk viðtala við tugi annarra sem tengdust starfseminni. Lýsandi tölfraði og einhliða dreifigreining voru notuð til að athuga breytingar milli tímabila á meðalaldri barna, dvalarlengd og ástæðum vistunar. **Niðurstöður:** 1083 börn voru vistuð á vöggustofunum 1949-1973. Meðalaldur við komu var 311 dagar og meðaldvalarlengd 176 dagar. Lengsta dvöl barns var 4,5 ár. Meðalaldur hækkaði eftir árið 1967 ($p < .01$) og dvalarlengd styttist ($p < .01$). Einstaklingar sem dvöldu mánuð eða lengur höfðu hærri tíðni örorku og hærri dánartíðni en jafnaldra Íslendingar. Fjallað verður nánar um ástæður örorku, dánarmein, tíðni einstakra geðraskana og sjálfsvíga. **Alyktun:** Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að börn sem dvöldu á vöggustofunum hefðu sætt alvarlegri vanrækslu og að afdrif þeirra hefðu verið umtalsvert lakari en jafnaldra. Skráningu og eftirliti með vöggustofunum var einnig verulega ábótavant. Við rannsóknina reyndust samtímaskrif sálfræðinga og þátttaka þeirra í þjóðfélagsmæðu afar mikilvæg gögn. Niðurstöðurnar hafa bæði vísindalegt og hagnýtt gildi fyrir klíniska sálfræði á Íslandi, en rannsóknin sjálf tengist einnig ýmsum siðferðilegum spurningum sem reynt verður að gera skil í þessu erindi.